



**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2006  
Tilvísun: UST20060400111/sf

**Bílastæðahús við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfn í Reykjavík. Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

**Núllkostur**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að núllkostur verði ekki tekinn til umfjöllunar í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir á að bílastæðahúsið er ekki nauðsynlegur hluti af tónlistarhúsi og ráðstefnumiðstöð og þar af leiðandi er núllkostur raunverulegur valkostur. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu eigi að koma fram með hvaða hætti öðrum væri hægt að haga bílastæðamálum, hvar bílastæði eru nú og hve mörg og hvort gera mætti bílastæðahús annars staðar. Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að sleppa umfjöllun um núllkost í frummatsskýrslu.

**Hljóðvist**

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hljóðvist á framkvæmdatíma. Ef nauðsynlegt reynist að sprengja eða fleyga í klöpp þarf jafnframt að fjalla um titring vegna slíkra framkvæmda.


**Umferð**


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði að fjalla um umferðarflæði og umferðarrýmnd á götum við og í nágrenni við tónlistarhúsið, þ.m.t. dvalartíma við gatnamót og umferðarljós, og áhrif aukinnar umferðar þar á.

**Áhættumat**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhættumati m.t.t. brunavarna. Umhverfisstofnun telur að ástæða væri til að skoða hættu vegna sjávarflóðs. Ef bílastæðahúsið er a.m.k. að hluta til neðan sjávarmáls hverjar eru þá t.d. líkurnar á að ofsafloð komi inn um rampa.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Friðriksdóttir  
Lagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður